



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

14. árgangur 7.tbl.

Ágúst 2017



Fyrr á árinu voru upplýsingaskiltum komið fyrir við Háafoss og Hjálparfoss í Þjórsárdal. Texti á skiltunum er á ensku og íslensku.



Fossarnir njóta báðir mikilla

vinsælda ferðamanna, enda mjög tilkomumiklir og ægifagrir. Háifoss er næsthæsti foss landsins. Við Hjálparfoss var aðstaða bætt fyrir nokkrum árum með gerð nýrra stíga og áningarpalla. Er ekki annað að sjá en vel hafi tekist til með þær framkvæmdir. Innan tíðar verður þar komið fyrir salernum. Þörf er á að bæta veg að Háafossi og aðra aðstöðu þar.



Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00

486-6100 - skeidgnup@skeidgnup.is

Sími í áhaldahúsi 486-6118 - starfsmaður

Ari Einarsson 893-4426 ari@skeidgnup.is

Jón F. Sigurdsson - umsjónarmaður gámasvæða s. 893-7016

Sendið inn efni í næsta fréttabréf fyrir 5.sep.2017.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir kidda@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps Bókahúsinu, Brautarholti.



Opnað aftur 24. ágúst n.k. kl. 20:00 - 22:00!

Opið alla fimmtudaga eins og venjula 20:00 -22:00

Tökum á okkur gott „rögg“... við lesturinn. ☺

S: 486-5505

Netfang bokasafn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>



Heilsugæslan í Laugarási s. 432-2770

Opið virka daga kl. 08:00 -16:00

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13 –13:30

Lyfjaendurnýjun hjá ritara kl. 8:00 — 9:00 í síma 432 2020

Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000

Vaktsími lækna og hjúkrunarfræðinga á HSU Selfossi 1700

Lyfja– útibú í Laugarási

Opið kl 10 - 16.30 alla daga nema föstudaga, kl. 10-13.

Sími í Lyfju — Laugarási 486-8655

Íbúafundur verður haldinn í Félagsheimilinu Árnesi þriðjudaginn 29.ágúst 2017 kl. 20:00

þar sem kynnt verður vinna vegna
endurskoðunar á aðalskipulagi

Skeiða-og Gnúpverjahrepps.

Húsið opnar hins vegar kl. 19:00 fyrir áhugasama
til kynna sér gögn og ræða við skipulagsráðgjafa.
Fulltrúar Rauðakambs ehf munu kynna á fundinum
hugmyndir sínar um skipulag

við Þjórsárdalslaug.

Sveitarstjórn.



Opnunartími gámasvæða.

Við Árnes opið:

þriðjudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 10:00 - 12:00

Í Brautarholti opið:

miðvikudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 13:00 - 15:00

Dýragámar opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum!

Fatagámar **Rauða krossins** eru staðsettir á gámasvæðunum í
Brautarholti og Árnesi. Opnir allan sólarhringinn.

Skaftholt tekur við garðaúrgangi og afklippum trjáa

Alla daga, allan daginn.

(Til vinstri á heimreið fyrir framan gróðurhús.)

Einungis efni úr jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.

Jón Sigurdsson, umsjónarmaður gámasvæðanna

893-7016 eða 462-5301.

Hundafangari sveitarfélagsins:
Ragnar Sigurjónsson sími:
859-9559.



Skólasetning Þjórsárskóla 2017

verður mánudaginn 21. ágúst kl 14:00.

Kynningar verða í bekkjunum
á eftir, eins og hér segir:

1.-4. Bekk 14:15 – 14:45

5.-7. Bekk 14:45 – 15:15

Ekki verður skólaakstur þennan dag.

Hlakka til að sjá ykkur.

Bestu kveðjur.

Bolette.

Lífræni markaður Skaftholts

opinn alla laugardaga frá 14:00 -17:00

Lífrænt grænmeti, ostur, egg
og sitthvað fleira í boði.



Kveðja.
Heimilsfólkið Skafttholti.



Fjallskil á Gnúpverjaafrétti!



Þeir sem ætla að sækja um leit á
Gnúpverjaafrétti í haust hafi



samband við Lilju í síma
847-8162

fyrir 20. ágúst n.k.
Afréttarmálanefnd.

Fjárréttir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 2017

Skaftholtsréttir, föstudaginn 15. september.

Fé rekið inn kl. 11:00.

Reykjaréttir, laugardaginn 16. september.

Fé rekið inn kl. 09:00.



Ökumenn eru beðnir að sýna þolinmæði því óhjákvæmilegar tafir vegna fjárrekstra verða á vegi 32 - Þjórsárdalsvegi, Frá Búrfelli að Fossnesi 14. september, (sumar hjáleiðir færar.) Einnig verða tafir á vegi nr. 32 - Þjórsárdalsvegi þann 15. sept. frá kl. 08:00 til kl. 13:00 Fossnes—Skaftholtsréttir (hjáleið fær) og miklar tafir frá kl. 16:00 frá Árnesi að Reykjaréttum. Þann 16. sept geta orðið nokkrar tafir frá kl. 13:00 á Skeiðavegi, nr. 30.

Fylgist nánar með á www-skeidgnup.is

Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181

www.arnesthing.is Forstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings er

María Kristjánsdóttir maria@hveragerdi.is

Starfsmenn með aðsetur í Laugarási:

Sigurjón Árnason, félagsráðgjafi, sigurjon@laugaras.is sími 480-1180

Sigrún Símonardóttir, forstöðukona heimaþjónustu sigrun@laugaras.is

Nú byrjum við aftur að birta fundargerðir sveitarstjórnar í Fréttabréfinu, en fundargerðirnar og öll gögn sem fyrir fundina eru lögð eru birt á heimasíðu sveitarfélagsins www.skeidgnup.is/fundargerðir

44. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnesi miðvikudaginn 1. ágúst 2017 kl. 08:00.

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Halla Sigríður Bjarnadóttir, Einar Bjarnason, Anna Þórný Sigfúsdóttir er sat fundinn í stað Meike Witt og Bjarni Másson er sat fundinn í fjarveru Gunnars Arnar Marteinssonar, auk Kristófers A. Tómassonar sveitarstjóra sem ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera.

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar :

1. Rauðikambur ehf- Viljayfirlýsing um samning um svæði í Þjórsárdal. Lögð fyrir sveitarstjórn lýsing að deiliskipulagi í Þjórsárdal. Um er að ræða svæði milli Rauðakambs og Reykhólts.
Sveitarstjórn samþykkir að leggja lýsinguna fyrir skipulagsnefnd. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að gerðar verði eftirfarandi breytingar á 3. gr. leigusamnings aðila dags. 13. september 2016:
a) Í stað orðanna „10. september árið 2017“ í 1. málslíð 4. mgr. 3. gr. komi orðin „10. september árið 2019“.
b) Dagsetningin 15. september 2017, í 2. tl. framkvæmdaáætlunar Rauðakambs ehf, dags. 10. september 2016, breytist í 10. september 2019, og ártalið 2019 kemur í stað ártalsins 2017 annarstaðar í tölulíðnum.
2. Stækkun friðlands í Þjórsárverum. Lagt var fram bréf frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, undirritað af Guðríði Þorvarðardóttur og Sigríði S. Helgadóttur fyrir hönd ráðherra. Bréfið varðar stækkun friðlands í Þjórsárverum, með bréfinu voru lögð fram drög að auglýsingu þessa efnis, ásamt yfirlitskorti er sýna afmörkun fyrirhugaðs svæðið. Svæðið er 156.260,12 hektarar að stærð. Það er talsvert stærra en svæðið sem áður nokkru stærra en áður var fyrirhugað. Markmið friðlýsingarinnar er að tryggja víðtæka og markvissa verndun gróðurlendis Þjórsárvera í heild sinni, vistkerfi veranna, rústamýrarvist, varpstöðva heiðagæsa, víðernis, sérstakrar landslagsheildar og menningarminja, auk fræðslu til almennings um verndargildi svæðisins. Kostnaður vegna umsjónar og rekstrar friðlandsins mun greiðast af Umhverfisstofnun. Sveitarstjórn fagnar tillögu að friðlandi í Þjórsárverum og gerir ekki athugasemd við framlögð drög að auglýsingu.
3. Tilboð í gatnagerð í þéttbýliskjörnum. Lagt fram að nýju tilboð er barst frá Nesey ehf í gatnagerð í Þéttbýliskjörnunum í Brautarholti og við Árnes. Þar með talin malbikun gatnanna. Sveitarstjórn samþykkir tilboðið samhljóða. Jafnframt er samþykkt að lokið verði gatnagerð og malbikun í Brautarholti á árinu 2017. Lokið verði við gatnagerðina í Árneshverfi árið 2018. Kostnaður við þann hluta verkefnisins sem unninn verður á árinu 2017 rúmast innan viðauka við fjárhagsáætlun er samþykktur var 7 júní sl. Tekið verði tillit til þess hlutar sem unninn verður 2018 við gerð fjárhagsáætlunar þess árs. Sveitarstjóra falið að ganga frá undirritun verksamnings.

4. Lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélög á Suðurlandi. Síðari umræða.
Lögd fram til síðari umræðu sameiginleg lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélög í umdæmi lögreglunnar á Suðurlandi. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirleggjandi lögreglusamþykkt fyrir Suðurland.
5. Hólaskógur. Uppsögn leigusamnings. Lögd fram uppsögn leigusamnings milli sveitarfélagsins og Extreme Iceland ehf um fjallaskálann í Hólaskógi. Uppsögnin barst á tölvupósti frá Kára Björnssyni starfsmanni Extreme Iceland. Uppsögn samþykkt samhljóða. Umræður urðu um framtíðarmöguleika fjallaskálans. Ákvörðun um leigu eða sölu eignarinnar frestað.
6. Fundargerð 137. fundar Skipulagsnefndar. **Mál nr. 14, 15, 16 og 17** þarfnast staðfestingar.

Mál 14.

Holtabraut 1-7: Holtabraut 1 og 3: Fækkun lóða: Deiliskipulagsbreyting – 1704037
Lögd var fyrir Skipulagsnefnd öðru sinni að lokinni grenndarkynningu skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga tillaga að breytingu á deiliskipulagi Brautarholts en afgreiðslu málsins var frestað frá þar síðasta fundi skipulagsnefndar. Í breytingunni fólst að í stað fjögurra einbýlishúsalóða nr. 1, 3, 5 og 7 við Holtabraut var gert ráð fyrir tveimur raðhúsalóðum fyrir 4-6 litlum íbúðum í hvoru húsi. Tillagan var kynnt lóðahöfum innan Brautarholts með bréfi dags. 2. maí 2017 með athugasemdafresti til 30. maí. Tvö athugasemdabréf bárust, með undirskrift nokkurra íbúa og nú liggja fyrir viðbrögð umsækjenda við athugasemdunum í bréfi dags. 3. júlí 2017. Skipulagsnefnd frestaði afgreiðslu málsins til næsta fundar og var skipulagsfulltrúa falið að vera í samráði við skipulagsráðgjafa um gögn málsins. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar.

Mál 15.

Réttarholt A lnr 166587: Verslun og þjónusta:

Breyting á nýtingu lóðar: **Aðalskipulagsbreyting – 1610004**

Lögd var fyrir Skipulagsnefnd tillaga að breytingu á aðalskipulagi sem nær til svæðis sem liggur upp að þéttbýlinu Árnes. Er fyrirhugað að byggja þar upp þjónustu í tengslum við hestaferðir og er m.a. gert ráð fyrir byggingu gistiaðstöðu og þjónustuhúss. Landið er rúmlega 9 ha að stærð og er í dag skilgreint sem landbúnaðarsvæði en með breytingunni er gert ráð fyrir að um 4 ha svæðisins breytist í verslunar- og þjónustusvæði. Tillagan var auglýst 24. maí 2017 með athugasemdafresti til 6. júlí 2017.

Í ljósi þess að ekki bárust athugasemdir innan tilskilins frests samþykkir sveitarstjórn aðalskipulagstillöguna óbreytta og felur skipulagsfulltrúa að senda málið til staðfestingar Skipulagsstofnunar með fyrirvara um umsögn Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Sbr. 4. mgr. 6. gr. Jarðalaga.

Mál 16.

Réttarholt A lnr 166587: Ferðaþjónusta: **Deiliskipulag – 1612035**

Lögd var fyrir Skipulagsnefnd tillaga að deiliskipulagi fyrir landið Réttarholt A lnr. 166587 sem er um 9 ha spilda austan við þéttbýlið Árnes. Á svæðinu er afmarkaður einn 11.500 fm byggingarreitur þar sem gert er ráð fyrir að byggð verði allt að 30 smáhýsi á bilinu 12-30 fm. Innan reitsins er þegar 117 fm hús sem gert er ráð fyrir að nýta sem þjónustuhús. Tillagan var auglýst 24. maí 2017 með athugasemdafresti til 6. júlí 2017.

Í ljósi þess að ekki bárust athugasemdir innan tilskilins frests samþykkir sveitarstjórn deiliskipulagstillöguna óbreytta og felur skipulagsfulltrúa að senda málið til afgreiðslu Skipulagsstofnunar, samhliða breytingu á aðalskipulagi svæðisins.

Mál 17.

Hjólhýsabyggð í Þjórsárdal: Skriðufell: Kæra til ÚUA - 1706083

Lagt var fyrir Skipulagsnefnd bréf Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 23. júní 2017 ásamt meðfylgjandi kæru Kolbrúnar Garðarsdóttur hrl. dags. 21. júní 2017 f.h. Félags leigutaka hjólhýsastæða í landi Skriðufells, þar sem kærð er samþykkt sveitarstjórnar á breytingu á deiliskipulagi í landi Skriðufells.

Skipulagsnefnd fól skipulagsfulltrúa að senda úrskurðarnefnd gögn um málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar.

Auk þess var sveitarstjóra falið að svara Úrskurðarnefndinni.

7. Búrfell- Deiliskipulagsbreyting. Lögð fram að nýju að lokinni auglýsingu tillaga að breytingu á deiliskipulagi Búrfellsvirkjunar sem auglýst var 4. maí með athugasemdafresti til 16. júní 2017. Málið var áður á dagskrá fundar sveitarstjórnar þann 5. júlí sl. Nú er tillagan lögð fram með nokkrum breytingum til að koma til móts við athugasemdir sem fram koma í umsögn Skipulagsstofnunar dags. 14. júní 2017. Gerðar eru breytingar á greinargerð deiliskipulagsins sem felast aðallega í ítarlegri umfjöllun um námur og efnislosunarsvæði. Varðandi athugasemd um að náma E7 sé í ósamræmi við aðalskipulag að þá bendir sveitarstjórn á að skv. gildandi deiliskipulagi er náman afmörkuð á norðurbakka Þjórsár og að nú er eingöngu verið að færa hana aðeins vestar. Að mati sveitarstjórnar er náman ekki afmörkuð með nákvæmum hætti í aðalskipulagi og er litið svo á að sú afmörkun eigi við um allar eyrar Þjórsár á þessu svæði.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi deiliskipulagsbreytingu með breytingum á greinargerð sem tilgreindar eru í kafla 3.4 og felur skipulagsfulltrúa að senda hana til Skipulagsstofnunar til afgreiðslu í samræmi við 1. mgr. 42. gr. Skipulagslaga.

8. Arngrímslundur í Skarði. Beiðni um leyfi til sölu gistingar. Lögð fram umsókn frá Draumahöll ehf, undirrituð af Björgvin G Sigurðssyni um leyfi til sölu gistingar í Arngrímslundi í Skarði fastanr. 224-679. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að leyfið verði veitt.
9. Álfröð. Beiðni um leyfi til gistingar. Lögð var fram umsókn B.Guðjónsson ehf undirrituð af Báru Guðjónsdóttur um leyfi til gistingar og veitinga að Álfröð fastanr. 235-1226. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að leyfið verði veitt.

10. Sala á Holtabraut 17. Forkaupsréttur. Lagður var fram kaupsamningur vegna Holtabrautar 17 í Brautarholtshverfi. Sveitarstjórn samþykkir að nýta ekki forkaupsrétt að eigninni.

11. Starfsmannaferð. Sveitarstjóri lagði fram tillögu að haustferð starfsmanna sveitarfélagsins á komandi hausti. Gert er ráð fyrir að kostnaður við slíka ferð verði allt að 250.000 kr. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar og verður bókaður á starfsmannakostnað. Samþykkt samhljóða.

12. Almannaavarnarvika. Erindi frá Lögreglustjóra. Lagt fram erindi frá Víði Reynissyni fyrir hönd lögreglustjórans á Suðurlandi. Þar eru kynntar hugmyndir um sérstakar almannaavarnarvikur í sveitarfélögum í umdæmi lögreglustjórans. Hugmyndir eru um að Unnið verði að verkefnum tengdum almannaavörnum og lagt til að lykilstarfsmenn sveitarfélagana taki þátt. Fundað yrði með viðbragðsaðilum og í lok vikunnar yrði haldinn íbúafundur þar sem almannaavarnamál yrðu kynnt og sérfræðingur á tilteknu sviði væri fenginn til að kynna það sem áhugavert væri. Lögreglustjóri leggur til að almannaavarnarvika í Skeiða- og Gnúpverjahreppi verði í annarri viku nóvember næstkomandi.
13. Drög SASS að samgönguáætlun. Lögð fram og kynnt drög að samgönguáætlun sem unnin eru af samgöngunefnd fyrir SASS. Í drögum að skýrslunni eru tekin saman þau verkefni sem að mati fulltrúa sveitarfélaga á svæðinu eru talin brýnust til úrbóta. Tilgangur skýrslunnar er að marka stefnu í samgöngumálum á Suðurlandi. Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með gerð skýrslunnar.
14. Samningur um hagabeit. Þarfnast staðfestingar. Lagður var fram undirritaður samningur um hagabeit milli Traðarlands ehf og sveitarfélagsins. Samningur staðfestur.
15. Úthlutun lóðar Bugðugerði 3 A og 3 B. Selásbyggingum ehf var úthlutað lóðunum Bugðugerði 3 A og 3 B árið 2015. Hákon Gunnlaugsson lagði fram endurnýjun umsóknar lóðarinnar. Samþykkt samhljóða að endurúthluta lóðunum til Selásbygginga ehf og sveitarstjóra falið að ganga frá lóðarleigusamningi.
16. Önnur mál löglega fram borin.
 - I. Halla Sigríður kvaddi sér hljóðs og greindi frá því að vantað hefði upp á standsetningu fjallaskála í upphafi sumars. Sveitarstjóra falið að vinna að framtíðarfyrirkomulagi þeirra mála.

Mál til kynningar

- A. *Afgreiðslur byggingafulltrúa, 17-57.*
- B. *Umbótaáætlun lokaskýrsla.*
- C. *Ráðuneyti staðfesting.*
- D. *Ráðstefna um íbúalýðræði.*
- E. *Fundur stjórnar Sambands Ísl sveitarfélaga.*
- F. *Dómur 2016-768.*
- G. *Lýðheilsudagar.*
- H. *Fasteignamat 2018.*

Fundi slitið kl. 10:05.

Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 23. ágúst næstkomandi. Kl.14.00.

Starfsmaður óskast í mötuneyti og gæslu í íþróttum



Skeiða- og Gnúpverjahreppur/Þjorsárskóli auglýsir eftir starfskrafti í skólamötuneyti og Starfshlutfall getur verið umsemjanlegt frá 40 – 60 %. Vinnutími er frá ca 11:00 -14.00 í mötuneyti mánudaga til fimmtudga (mögulega þriðjudaga til fimmtudaga) og í gæslu vegna íþróttakennslu á miðvikudögum frá kl 8:25 með hléum til kl 14:30 og fimmtudögum frá kl 8:25-9:25. Laun samkvæmt kjarasamningum. Viðkomandi þarf helst að geta byrjað sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til 23. ágúst, nánari upplýsingar veitir Kristófer Tómasson sveitarstjóri, netfang : kristofer@skeidgnup.is sími 486-6100/861-7150 og Bolette Hoeg Koch skólastjóri netfang bolette@thjorsarskoli.is sími 486-6051/895-9660.

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufyræðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is

Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.

Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.



Pizzavagninn er með heimasíðu
www.pizzavagninn.is einnig er hægt að
fylgjast með okkur á facebooksíðunni okkar.
Sími 899-2910



Korngrís frá Laxárdal

Seljum svínakjöt í hálfum skrokkum
fullunnið eða óunnið eftir óskum hvers og
eins. Pantanir sendist ákorngrís@korngrís.is
Erum á facebook.



ATH!!-Bændur og aðrir!

Upplýsingamoli um heyrúlluplast og áburðarpoka frá Íslenska gámafélaginu.

Heyrúlluplastið þarf að vera hreint og þá er það tekið í
„heyrúlluplastsferðinni“ — EN.. netið (utan af heyinu er almennt
sorp = grá tunna!) **Og...** ef það er sett í poka (t.d. áburðarpoka) þá
tekur heyrúlluplastsbíllinn þá poka því þá er það flokkað á Selfossi.

Plasthólkurinn innan úr rúllunum er **endurvinnanlegur!**

Áburðarpokana þarf hins vegar að taka í sundur (aðskilja
plastið frá pokunum) og setja þá askilda í **græna karið** =
endurvinnanlegt og þá eru þeir teknir í „grænu ferðinni“ ☺

Á döfinni er greiningarvinna um hvað við öll getum betur
gert til þess að minnka almenna sorpið sem til fellur, því það
er allt ,...allt of mikið, segja stjórnendur. Kær kveðja. Kidda.

Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja

Við styðjum UMFG þegar við tökum þátt.



802

heima

HOLIDAY HOMES



OPIÐ HÚS
9. SEPTEMBER
KL. 15-17

Kæru sveitungar.

Þann 9. september verður opið hús á Hraunvöllum fyrir gesti og gangandi þar sem ykkur gefst tækifæri á að skoða Heima Holiday Homes. Vonandi sjáum við sem flesta. Halli og Helga

VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting –

Vaxmeðferðir - Litun og plokkun.

**Tímapantanir í
síma: 856-1599**

Þjónusta vegna ljósleiðara!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýttengingum og línubókhalði Fjarskiptafélags Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans. Hafið samband við þá.

skj@internet.is - Sigvaldi K Jóns. og nonniasum@gmail.com -Jón Hákonarson.



Mest seldu hnakkarnir frá Tøltrider Glampi kostar
nú nýr 199.900 m/vsk

Virkislausir hnakkurinn Heba 149.000 m/vsk

Velkominn að skoða eða sækja prufuhnakk hjá okkur í Vestra-
Geldingaholti



www.tolt.nu/island
eða sími 892 8452 Sigfús
698 70 90 Josefine



www.Híalín.is

Klassísk snið með
silkiprentuðum munstrum
sem hafa beina skírskotun
í íslenska náttúru.




Húfur, peysur, bolir og leggings.

Kíktu í heimsókn og verslaðu í heimabyggð.



Kær kveðja
Vilborg í Skarði
863 9689 og
vilmarius13@gmail.com



Hvað verður um fjársafnið?

Nú stýttist í einn af föstu punktunum í tilverunni; smalamennska og réttir. Þetta er ávallt mikið tilhlökkunarefni í sveitunum hjá ungum sem öldnum enda er þetta aldagömul hefð þar sem kynslóðir eftir kynslóðir sækja fé af fjalli ár eftir ár, áratugum og öldum saman. Ég þori að fullyrða að nánast hver einasti Gnúpverji hafi á einhverjum tímapunkti farið á móti safninu, fylgt því fram í myrkur niður í Fossnes og vaknað svo eldsnemma næsta morgun til að halda áfram með féð niður í réttir. En nú gæti orðið breyting á þessari hefð.

Frá því að ég man eftir mér hefur smalamennskan og réttirnar verið hápunktur ársins og ég hef alltaf hlakkað meira til réttanna en jólanna. Ég er mjög stolt af því að geta sagt að ég hef mætt í allar réttir síðan ég fæddist fyrir utan eitt ár þegar ég neyddist til að fara í brúðkaup hjá tengdafjölskyldu minni.

Þegar ég hafði ekki aldur til þess að fara sjálf á fjall þá fór ég ríðandi á móti safninu. Ég lagði mig alla fram við að "gera gagn" eins og móðir mín orðaði það og beið spennt eftir því að Árni í Þjórsárholti, þáverandi fjallkóngur, skipaði mér í einhver verkefni eins og t.d. að vera í fyrirstöðu við Bringu. Eftir að hafa séð til þess að allar kindur væru komnar inn í gerðið í Fossnesi reið ég á stökki upp allar brekkurnar heim í hlað í Fossnesi þar sem klárinn var vel heimfús eftir að hanga á eftir rollurössum allan daginn. Ég man eftir því að sofna þessi kvöld við jarmið neðan úr safngirðingunni sæl og þreytt en jafnframt mjög spennt fyrir komandi degi, besta degi ársins.

Eldsnemma næsta dag, svo snemma að mér fannst enn vera mið nótt, vaknaði ég til þess að halda áfram við að reka safnið niður í réttir.

Ég man hvað ég var alltaf stolt yfir því að fjársafnið skyldi vera geymt í Fossnesi, að bærinn sem ég ólst upp á væri hluti af bestu dögum ársins í sveitinni og hluti af aldagamalli sögu og hefðum sveitarinnar og samfélagsins. Fyrir mig er þetta hluti af því hver ég er og það að taka þátt í smalamennsku og réttum og öllu sem því tilheyrir er hluti af því sem gerir Gnúpverja að Gnúpverjum og Skeiðamenn að Skeiðamönnum, þ.e. þessi saga og hefð sem við eigum sameiginlega með eldri kynslóðum.

Nú er yfirvofandi breyting á þessum hefðum. Með tilkomu Hagalóns mun ekki vera lengur hægt að geyma fjársafnið í Fossnesi þar sem eyrar Þverár munu allar fara undir lón og engin tillaga er á



borðinu um hvar á að geyma fjársafnið í staðinn. Mér finnst það því þyngra en tárum taki að vita til þess að nýfæddur sonur minn mun mögulega ekki fá að alast upp við að skapa sér sams konar minningar og ég gerði í minni æsku sem fylgja smalamennsku og réttum.

Þetta þarf þó ekki að verða svona. Sveitastjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur það í valdi sínu að koma í veg fyrir að Hagalón og Hvammsvirkjun verði að veruleika með því að neita að veita framkvæmdaleyfi. Ábyrgð sveitastjórnarmanna er gífurleg í þessu máli. Hver og einn þeirra sem veitir atkvæði sitt með virkjuninni er að koma í veg fyrir að komandi kynslóðir fái að skapa sér sömu minningar og við höfum gert kynslóð eftir kynslóð. Minningar sem gera okkur að Gnúpverjum og Skeiðamönnum.

Til viðbótar við að svipta komandi kynslóðir þessari upplifun sem við eigum öll sameiginlega þá eru fjölmargar aðrar ástæður þess að sveitastjórnarmenn eiga ekki að veita framkvæmdaleyfi fyrir Hvammsvirkjun og vil ég benda áhugasömum á athugasemdir sem stjórn Gjalpar gerði við Frummatsskýrslu Hvammsvirkjunar og sendi Skipulagsstofnun

(sjá: <https://www.facebook.com/Gjalp/>).

Þar er meðal annars bent á að Hvammsvirkjun mun draga verulega úr möguleikum á atvinnuuppbyggingu meðal annars í ferðaþjónustu, að ekki sé fullkannað hver áhrif virkjunarinnar sé á heitavatnið í borholunni í Þjórsárholti, að óvíst sé með ávinning af nýrri brú yfir Þjórsá þar sem hún sé líklegri til að skapa gegnumakstur um sveitina frekar en að stuðla að auknum samgangi og samvinnu sveitarfélaganna og að margt í framkvæmd matsvinnunnar sé gagnrýni-vert og ófaglega unnið.

Ég vil því skora á sveitarstjórnarmenn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til að hugsa sig vel og vandlega um áður en þeir ganga til atkvæðagreiðslu um veitingu framkvæmdaleyfis fyrir Hvammsvirkjun því ákvörðun þeirra hefur varanleg og óafturkræf áhrif fyrir komandi kynslóðir. Ég vil líka hvetja alla sveitunga og aðra til að fara á móti safninu, fylgja því í Fossnes og þaðan niður í réttir því mögulega er þetta haust eitt af síðustu skiptunum sem við getum skapað okkur minningar um fjársafn í Fossnesi.

Anna Björk Hjaltadóttir frá Fossnesi.





Menn og málefni!



Andrea Sif Snæbjörnsdóttir og Árni Már Einarsson, Hlemmiskeiði 1a eignuðust sinn þriðja dreng þann 29. júní s.l. Hann vó 3900 gr og 52 cm. Eldri bræðurnir, Arnór Ingi og Tryggvi Hrafn eru í Þjórsárskóla og verða í þriðja og fyrsta bekk í vetur. Innilegar hamingjuóskir með soninn og bróður.



Anna Björk Hjaltadóttir frá Fossnesi og Benjamín Cleugh, Bretlandi eignuðust dreng þann 12. júlí s.l. Hann er þeirra fyrsta barn og vó 3.714 g (15 merkur) og 50,5 cm. Við óskum þeim innilega til hamingju með drenginn sinn en þau búa á Álftanesi.



Hekla Salóme Magnúsdóttir, Blesastöðum 1a og Matthías Bjarnason, Blesastöðum 2a fengu hvatningarverðlaun Ungmennafélaganna í Skeiða—og Gnúpverjahreppi en þau voru afhent á Uppsprettnunni þann 18. júní sl.



Hjartanlega til hamingju bæði tvö með þessa viðurkenningu og megi hún verða ykkur hvatning til frekari dáða. ☺

Jóhanna Höeg Sigurðardóttir, Hæl 1 útskrifaðist sem MAA, Master of Arts in Architecture, frá Det Kongelige Danske Kunstakademis Arkitektskole í Kaupmannahöfn í Danmörku þann 12. júní sl.

Loftur Erlingsson, Tröð útskrifaðist í Svæðisleiðsögn á Suðurlandi 1. júní s.l. frá Fræðslunetinu á Selfossi.



Sigurbjörg Lilja Harðardóttir frá Laxárdal útskrifaðist með MA gráðu í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands 16. júní en fyrir meistararitgerð sína „Hvað skýrir ánægjumun íbúa í úthverfum og miðlægari hverfum með þjónustu Reykjavíkurborgar?“ veitti Félag stjórnmálafræðinga henni verðlaun fyrir framúrskarandi lokaritgerð.

Þorsteinn Hauksson frá Stóru – Mástungu 1 útskrifaðist einnig frá Háskóla Íslands, þann 24. júní sl. sem íþrótafræðingur með BS gráðu.



Við óskum námsfólkinu innilega til hamingju með áfanga sína sem vonandi nýtast vel í framtíðinni.



HRUNAPRESTAKALL

**Síðsumarsmessa í Tungufellskirkju
sunnudaginn 13. ágúst kl. 14.**

Prestur sr. Eiríkur Jóhannsson.
Allir velkomnir.

**Hestamannamesa í Hrepphólakirkju
sunnudaginn 20. ágúst kl. 14.**

Hópreið leggur af stað frá **Hruna kl. 11:30** með viðkomu í Hlíð í
Gnúpverjahreppi, þaðan sem lagt verður af stað **kl. 12:30**.
Kaffihressing á eftir messu.
Fjölmennum!

**Uppskerumessa í Hrunakirkju
laugardaginn 2. september kl. 11.**

Fjölskylduhátíð. Grillaðar pylsur og leikir eftir messu.
Allir velkomnir!

Sjáumst í kirkjunni!

Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur.



Country Taxi

Sinni öllum uppsveitunum, ball, afmæli
eða annar mannfagnaður.

Allar upplýsingar á facebook:

<https://www.facebook.com/leigubill/>

eða í síma 776-0810.

Kv. Dóri

Sumarið flýgur áfram.

Mér finnst ástæðulaust að kvarta yfir sumrinu til þessa. Að mínu mati hefur það verið mjög hagstætt okkur hér í Uppsveitunum. Ekki alveg eins hlýtt og sumarið í fyrra. En það er varla hægt að biðja um mörg slík í röð. Enda ekki víst að það yrði neinn ávinningur í stóra samhenginu af verulegum hlýindum. Mér heyrir að heyfengur sé þegar orðinn mjög góður hjá bændum hér í sveit.



Framkvæmdir

Það verður ekki annað sagt en talsverðar framkvæmdir standi yfir í sveitarfélaginu. Hæst ber stækkun Búrfellsvirkjunar, þar starfa nú eftir því sem ég kemst næst hátt á annað hundrað manns. Eitt af stærstu fjósum landsins er að rísa. Búnaðarfélagið stendur að byggingu stórhýsis á okkar mælikvarða, sem mun eins og kunnugt er hýsa ásamt fleiru nýja slökkvistöð og kjötvinnslu.

Fáeinir sumarbústaðir eru í byggingu. Viðamikil hreinsistöð verður senn tekin í notkun við þéttbýlið í Brautarholti og gengið hefur verið frá verkamningi milli sveitarfélagsins og Neseyjar ehf um gatnagerð og lagnir í báðum byggðakjörnum. Það verkefni kostar 126 milljónir og verður það að teljast stórt á okkar mælikvarða. Verkefnið mun hefjast á haustmánuðum og á því að ljúka haustið 2018. Stefnt er að því að ljúka Brautarholtshlutanum á þessu ári.

Samgöngumál

Eins og margoft hefur verið bent á af mér og mörgum öðrum, þarfnast vegirnir í sveitarfélaginu verulegra endurbóta. Ég hef komið því á framfæri til þeirra aðila sem líklegastir eru til að geta haft áhrif til hagsbóta í þessum efnum. Enn sem komið er hafa ekki borist nein viðbrögð sem gagn er í. En það verður haldið áfram að suða um að bætt verði úr. Sama er að segja um farsímasamband á allnokkrum bæjum í efri hluta sveitarinnar, þar verða að eiga sér stað úrbætur.

Ferðamenn- ferðamannastaðir- ferðaþjónusta

Hér í Skeiða- og Gnúpverjahreppi höfum við ekki farið varhluta af fjölgun ferðamanna, ekki er þó ferðamannastraumur neitt viðlíka og gerist á þeim ferðamannastöðum sem eru fjölsóttastir í sýslunni. Ég hef ekki tölu á þeim störfum sem eru unnin í ferðaþjónustu í sveitarfélaginu, en þau eru býsna mörg. Ferðaþjónusta er stunduð á talsvert mögum bæjum og hefur þessi grein stutt mjög við búsetuna og ekki horfur á öðru en vöxtur verið einhver áfram hjá þeim sem greinina stunda.

Ekki amast ég við ferðamönnum, engu að síður er álag vegna ferðamanna meira á vissa staði í Þjórsárdal en núverandi aðstaða og aðbúnaður leyfir. Í þessum efnum hef ég haft miklar áhyggjur af Gjánni. Sveitarstjórn hefur samþykkt að hefja undirbúning friðlýsingar á Gjánni. Það er talsvert ferli og eru væntanlegir hingað fulltrúar Umhverfis- og auðlindaráðuneytis síðar í þessum mánuði til að leggja okkur lið í þeim efnum.

Ég hef trú á að friðlýsing sé það sem hentar þessu gullfallega og dýrmæta náttúruvætti. Við Hjalparfoss vonast ég til að sett verði upp salerni innan tíðar. Skógræktin er með það á sínum snærum. Það er einnig verk að vinna við Háafoss. Þar þarf að bæta veg og annað aðgengi.

Það hefur varla farið framhjá neinum sem fylgist með hreppsmálunum hér að samþykkt var fyrir í sumar að ganga til samningaviðræðna við Rauðakamb um uppbyggingu á ferðmannastað við Reykholt í Þjórsárdal. Þeirra hugmyndir eru metnaðarfullar. Ef hugmyndir þeirra ganga eftir verður byggð þar upp baðaðstaða og ásamt veitingastað og fleiru. Fulltrúar Rauðakambs gera ráð fyrir að framkvæmdum verði lokið 2019-2020.

Skólamál

Það er útlit fyrir að 49 nemendur muni setjast á skólabekk í Þjórsárskóla síðar í þessum mánuði. Fjöldi nemenda hefur stigið á síðustu misserum og ber að fagna því. Nokkur breyting verður á kennaraliðinu. Þrír nýir einstaklingar hefja störf við skólann. Starfið í skólanum er metnaðarfullt og tekið er þátt í mörgum verkefnum. Nemendur Þjórsárskóla munu ekki þurfa að greiða fyrir námsgögn, þess munu einnig njóta þeir nemendur sem sækja skóla á Flúðum. Að mínu mati á það að vera sjálfsagður hlutur og liður í jafnri aðstöðu allra til grunnskólanáms.

Framundan er skemmtilegur tími, það er að segja síðari hluti sumarsins og haustið í framhaldinu. Mér finnst haustið heillandi árstími. Þau rúmlega fimm ár sem ég hef búið hér í hverfinu við Árnes hef ég ekki síst notið haustsins. Það er eitthvað sem þetta svæði hefur á haustin sem hrífur mig sérstaklega. Góðar stundir.

Kristófer Tómasson sveitarstjóri.



STOPPUSTUÐ Í Árnesi!

Rafhleðslustöð fyrir bifreiðar er nú komin upp við inngang skólamötuneytis, (austan megin) við Félagsheimilið Árnes.

Á bak við eldavélina!

Ágúst Guðnason á Brúnum er hér mættur.

Góðann sólarhringinn gott fólk.

Ég vil þakka Nikulási frænda mínum fyrir áskoruninna (eða hverjum sem skoraði á mig, gullfiskaminni, þið skiljið).



Hér að neðan er að finna ágætis uppskrift á ágætis marineruðum kjúkling sem má nýta í hvað sem er, hvort sem það er súpa, samloka, flatbaka, pottréttur eða hvað sem ykkur dettur í hug.

Innihaldslýsing

500 gr. úrbeinaður kjúklingur

1 stykki eldunaraðstaða

Marinering

50 ml Sojasósa

1.5 desilíter Sweet Chili Sósa

1.tsk upp að 2.msk Chili krydd (fer algerlega eftir smekk og hversu sterkur kjúllinn á að vera.)

1 desilíter vatn

dass af Timian



Aðferð

1. Setjið öll hráefni marineringarinnar að kjúklingnum undanskyldum í skál og blandið saman.
2. Takið plastpoka, opnið hann vel og hellið marineringunni ofan í.
3. Látið kjúklinginn ofan í marineringuna og makið honum vel uppúr henni.
4. Tæmið pokann af lofti og bindið fyrir, látið standa í u.þ.b. 2 klukkutíma en hreyfið kjúklinginn til og snúið reglulega svo marineringin nái allstaðar inn.
5. Eftir að hann hefur legið í marineringunni er kjúklingurinn fjarlægður og steiktur í gegn á pönnu á lágum hita.

Heimagerð Rautt Pestó

Innihald:

450 gr. sólþurrkaðir tómatar

300 gr. kasjú eða furuhnetur

200 gr. parmesanostur

ólívuolía eftir þörfum

salt og hvítur pipar eftir smekk.



Aðferð

1. Takið sólþurrkuðu tómatan úr krukkunni og hellið ofan í matvinnslu vél (týpuna sem tætir allt í tætlur) og leyfið þeim að verða að mauki, olían í krukkuni á að fara með ofan í.
2. Tætið parmesanostinn ofan í og leyfið honum að blandast vel saman við.
3. Takið hnetur úr pakkningu og gerið það sama og í skrefi 2
4. Þegar þetta er allt búið að blandast saman þá koma smekksatriði í spilið, bætið í ólívuolíu þangað til pestóið er jafn þykkt eða þunnt og þið viljið hafa það (meiri olía = þynnra pestó).

Þegar þið eruð ánægð með þykktina er salti og hvítum pipar bætt út í eftir smekk, hvíti piparinn er lúmskur svo um er að gera að passa sig að setja ekki of mikið af honum og smakka oft.

Þetta passar á allt, hvort sem það er kex, brauð eða hvað sem ykkur dettur í hug að hafa með.

Ég vil svo í framhaldi skora á móðurbróður minn (frændi er víst einfalda orðið) Sigurð Loftsson og hlakka til að sjá hvað hann hefur til málanna að leggja.

Jörðin er flöt....

Takk og bless.

Ágúst "Masterchef" Guðnason ☺

Guesthouse Denami - Vestra-Geldingaholt

www.denami.is — josefine@denami.is



Áætlun Landflutninga í Árnessýslu:

Frá Reykjavík kl. 9:00 alla

virka daga- með viðkomu á Selfossi

Phone: +354 458 8821

Mobile: +354 858 8820

Email: sverrir.unnarsson@samskip.com

Landflutningar
SAMSkip



facebook

www.landflutningar.is

Hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu 2017- 2019

Árið 2017 verða rotþrær hreinsaðar frá Skarðsbæjum og endað á Austurhlíð, Steinsholtbæjum og Skaftholti.- 2018 eru það allar þrær á Skeiðum, Sandlækjarbær og endað á Gunnbjarnarholti. 2019 hefst hreinsun við Ásaskóla, Ása, Stóra-Núp og Minna- Núp og endar á Sultartangavirkjun.

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabil 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Er ekki rétt að fara í girðingavinnu núna.. eða?



Girðingarefni

- Girðingastaur 50/1500
- Girðingastaur 70/1800
- Girðingastaur 120/2500
- Túngirðinganet 5 strengja
- Túngirðinganet 6 strengja
- Túngirðinganet 7 strengja
- Gaddavír IOWA 250 m
- Gaddavír Motto 250 m
- Stagvír 3 mm
- Vírlykkjur



Rutland - rafgirðingar

Spennugjafar 220V, sólarcellu og fyrir rafhlöður.
Bílanagreininir, spennumælir, randbeltar- vír og
borði, einangrarar, hlið og hliðhandföng,
randbeltarstaurar,



Hliðgrindur

Hliðgrindur í mörgum stærðum
á frábæru verði.



Landstólpi
Egilsstöðum – 471 2001



Gunnbjarnarholti – 801 Selfoss
480 5600 – landstolpi.is

Sumaropnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi!
Neslaug S: 486-6117 **Skeiðalaug S: 486 5500**

Neslaug Opið 01. júní — 31. ágúst

Opið - Open

Mánudaga: Mond.	LOKAÐ - Closed
Þriðjudaga: Thuesd.	07:00 - 10:00 & 14:00 - 22:00
Miðvikudaga: Wed.	07:00 - 10:00 & 14:00 - 22:00
Fimmtudaga: Thirsd.	07:00 - 10:00 & 14:00 - 22:00
Föstudaga: Fri.	07:00 - 10:00 & 14:00 - 18:00
Laugardaga: Sat.	10:00 - 18:00
Sunnudaga: Sun.	10:00 - 18:00

Opið í september 2017

Miðvikudaga	17:00 - 22:00
Laugardaga	13:00 - 18:00
Sunnudaga	13:00 - 18:00

**Vörur tengdar sundi seldar
í afgreiðslum lauganna.
Hætt er að selja ofan í
hálf tíma fyrir lokun.**

Skeiðalaug

Opið 01. júní — 31. ágúst

Opið - Open

Mánudaga Mon.	16 - 22
Þriðjudaga Thuesd.	16 - 22
Miðvikudag Wed.	16 - 22
Fimmtudaga Thu.	16 - 22
Föstudaga Frid.	16 - 22
Laugardaga Saturd.	10 - 12 & 14 - 18
Sunnudagur Sund.	10 - 12 & 14 - 18

Eypór Brynjólfsson s: 897-1112
Umsjónarmaður Neslaugar
eythorb@gmail.com

Neslaug og Skeiðalaug eru á

facebook

Fylgist með þar ☺

Vetraropnunartími frá 1. sept. 2017

Mánudaga - Mon.	18 - 22
Fimmtudaga - Thu.	18 - 22

www.skeidgnup.is
www.sundlaug.is

Umsjón með Skeiðalaug.
Southcentral ehf s: 663 4666
www.southcentral.is